

Allt í blóma í Ólafsvíkukirkju



Sunnudaginn 14. apríl voru vortónleikarnir Allt í blóma haldnir í Ólafsvíkukirkju og Grundarfjarðarkirkju. Það var Blómakórinn sem söng á tónleikunum en hann samanstendur af 30 einstaklingum úr Karla-kórnum Kára, Kirkjukór Ólafsvíkur, Kór Grundarfjarðarkirkju og Kór Ingjaldshólskirkju. Kórstjórar voru Linda Maria Nielsen og Ver-

onica Osterhammer en þær sungu einnig dúet á tónleikunum. Elena Makeeva og Þorkell Máni Þorkelsson spiluðu undirleik á píanó. Eins og áður segir báru tónleikarnir heitið Allt í blóma og var blómlegt þema. Kirkjurnar voru skreyttar með litríkum og sumarlegum blómum, tónlistarfólk var klætt í blómlegan klæðnað og var von þeirra að syngja vor-

ið inn í hjarta tónleikagesta þrátt fyrir snjó og frost úti. Lagavalið var sömuleiðis blómlegt og söng Blómakórinn um blóm í haga, blómstrandi ást og vel valin lög

frá tíma blómabarnanna, hippa-tímabilinu. Tónleikarnir ein-kenndust af léttu andrúmslofti og fallegum söng.

SJ

Hop on hop off á Snæfellsnesi

Snæfellsnes Adventures undirbýr nú nýtt tilraunar samstarfsverkefni með GH Hópfarðabilum og Hópfarðabilum Svans Kristófers. Um er að ræða svokallaðar „hop on hop off“ farþegarútur fyrir erlenda ferðamenn sem færu um Snæfellsnes. Með því gætu erlendir ferðamenn sem koma með skipum til Grundarfjarðar farið með vagninum sem ekið verður á milli nágrennanbyggðarlaganna. Verkefnið fékk nýverið styrk úr uppbyggingasjóði Vesturlands og er markmiðið sérhæfing í mót-

töku farþega skemmtiferðaskipa með sjálfbærni, fjölgun atvinnutækifæra og hag samfélagsins að leiðarljósi. Til að byrja með er ætlunin að aka tvo til þrjá daga í sumar og verða það stóru skipakomudagarnir til þess að létta álagi af Grundarfirði. Farþegum verður þá dreift markvisst til annarra áhugaverðra áfangastaða á Snæfellsnesi en þjónustuaðilar á dreifðara svæði fá þá einnig jafnari og stöðugri straum ferðamanna til sín.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

HVE fundaði með kjörnum fulltrúum

10. apríl síðastliðinn funduðu kjörnir fulltrúar Grundarfjarðar og Snæfellsbæjar ásamt bæjarstjórum beggja sveitarfélaga með stjórnendum Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Fundurinn fór fram í Ráðhúsi Grundarfjarðar og var fundurinn vettvangur til þess að ræða málefni heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Meðal málefna sem farið var yfir var staða þjónustunnar á svæðinu og nauðsynlegar umbætur á henni. Stjórnendur HVE kynntu tölfræði um fjölda heimsóknar og umfang þjónustunnar fyrir fundarmönnum ásamt því að fara yfir áskoranir við mönnun heilbrigðisþjónustunnar á svæðinu og almennt. Vinna að breytingum er hafin sem miðar að því að auka traust íbúa á þjónustunni á svæðinu,



inu, með auknu samstarfi á milli staða. Möguleiki á aukinni þjónustu með aðstoð nútíma tækni var einnig ræddur. Stjórnendur HVE óskuðu eftir framhaldsfundi í lok maí til þess að fara betur yfir

ir stöðuna eða þegar frekari upplýsingar liggja fyrir úr þeirri vinnu sem HVE er í.

Fulltrúar sveitarfélaganna óska

eftir formlegu samstarfi í kjölfar fundarins í ljósi sameiginlegra hagsmuna.

JJ

Öxl



Lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðs nýs deiliskipulags

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti lýsingu og matslýsingu á fundi sínum 8. febrúar 2024 fyrir gerð nýs deiliskipulags í landi Axlar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið sem deiliskipulagið nær til er 66 ha og eru innan þess verslunar- og þjónustureitirnir VP-27, VP-28 og VP-33 samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Þar er nú íbúðarhús ásamt húsnæði sem nýtt eru undir þjónustu í formi 7 herbergja gistihúss og jógaiðkun. Í tillögunni er gert ráð fyrir nýjum byggingarreit undir húsnæði fyrir jógaiðkun austan megin við Axlarhól, innan VP-33. Húsgrunnur stendur vestast í húspyrpingunni við Öxl en þar er áætlað að koma aftur fyrir frístundahúsi sem gæti nýst til útleigu fyrir ferðamenn.

Hægt er að skoða lýsinguna og matslýsinguna á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmeri: 412/2024.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir og/eða umsagnir vegna lýsingar fyrirhugaðs deiliskipulags frá 18. apríl 2024 til og með 9. maí 2024. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á www.skipulagsgatt.is á málsnúmer: 412/2024.

Hildigunnur Haraldsdóttir, arkitekt faí
Skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Barnaverndarþjónusta Vesturlands

Í júní 2021 voru gerðar breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 um barnaverndarþjónustu, samþættingu og fleira. 11 gr. barnaverndarlaganna segir að undir hverri barnaverndarþjónustu skulu vera í það minnsta 6.000 íbúar. Málið hefur verið í skoðun en Barnavernddarþjónusta Snæfellinga sem fellur undir Félags- og skólþjónustu Snæfellinga nær einungis yfir 3.827 íbúa. Sveitarfélögin Eyja- og Miklaholts-hreppur, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur hyggjast nú gerast aðilar að samning Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar um leiðandi sveitarfélag um barnaverndarþjónustu á svæðinu. Borgarbyggð mun taka að sér að

vera leiðandi sveitarfélag í þessu samstarfi. Þar sem Borgarbyggð er leiðandi sveitarfélag felur það í sér að hin sveitarfélögin framselji vald sitt til töku ákvarðanna, endanleg ábyrgð á ákvörðunum er því hjá sveitarstjórn Borgarbyggðar eftir því sem við á samkvæmt lögum. Mun samstarfið nefnt Barnaverndarþjónusta Vesturlands og nær þá yfir 8.692 íbúa. Tillaga um samstarf er nú í höndum sveitarstjórnarmanna. Eftir að öllum nauðsynlegum skrefum varðandi nýjan viðauka við núverandi samning Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar og samþykkt um stjórn hefur verið lokið tekur Barnaverndarþjónusta Vesturlands til starfa.

SJ



Rúllaðu upp

Strandveiðinni

www.voot.is

☎ 581-2222

OILWIND



Bifreiðaverkstæði /Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Héraðsþing HSH haldið á Lýsuhóli

83. héraðsþing Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu var haldið á Lýsuhóli þann 11. apríl síðastliðinn. Þinghaldarar í ár voru Ungmennafélags Staðarsveitar og Golfklúbbur Staðarsveitar. Þingið gekk vel fyrir sig, sátu Kristján Þórðarson og Ragnhildur Sigurðardóttir sem þingforsetar og María Alma Valdimarsdóttir og Berglind Long voru ritarar þingsins. Mæting þingfulltrúa var mjög góð og voru ný lög HSH samþykkt samhljóða en breytingar voru fyrst og fremst gerðar til að uppfæra gömul lög miðað við tíð og tíma. Þá var einnig farið yfir tillögur um arðgreiðslur, lottó uppgjör, skiptingu á afkomu af Landsmóti 50+ og ýmsar þakkar- og hvatningar tillögur sem allt var samþykkt. Viðar Sigurjónsson ávarpaði þingið fyrir hönd ÍSÍ og sæmði þá Bjarna Alexandersson og Gunnar Kristjánsson Gullmerki ÍSÍ fyrir þeirra störf en þeir voru stofnfélagar Hestamannafélagsins Snæfellinga. Þá var Kristján Ágúst Magnússon sæmdur Silfurmerki ÍSÍ en hann



Bjarni Alexandersson og Gunnar Kristjánsson hlutu Gullmerki ÍSÍ

hefur verið virkur í starfi Ungmennafélagsins Eldborg í mörg ár. Guðmunda Ólafsdóttir ávarpaði einnig þingið fyrir hönd UMFÍ og veitti Ragnhildi Sigurðardóttir og hjónunum Þóru Kristínu Magnúsdóttur og Helga Sigurmonssyni starfsmerki UMFÍ fyrir að hafa verið mjög virk í starfi Ungmenna-



Garðar Svansson og Gunnhildur Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri HSH

félags Staðarsveitar í mörg ár og unnið þar gríðarlega mikilvægt starf. María Alma Valdimarsdóttir var svo sæmd Gullmerki UMFÍ fyrir hennar störf í þágu Ungmennafélagsins Snæfells. Að lokum var komið að stjórnarkjöri en Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson, formaður HSH gaf áfram kost á sér og

Laufey Bjarnadóttir og Kristfríður Rós Stefánsdóttir, sitjandi stjórnaraðilar, sömuleiðis svo að stjórn HSH mun starfa óbreytt fram að næsta Héraðsþingi sambandins eftir tvö ár.

SJ

Völlurinn tilbúinn fyrir knattspyrnutímabilið



Í byrjun mánaðar kingdi niður snjó á Snæfellsnesi og varð það meðal annar til þess að knattspyrnuvöllurinn í Ólafsvík varð hulinn þykku lagi af snjó, undanfarna daga hafa starfsmenn Snæfellsbæjar unnið við að blása og moka snjó af vellinum og kláraðist það verk nú í byrjun vikunnar, á þriðjudag komu svo menn frá Metatron og djúphreinsuðu völlinn og jöfnuðu undirlagið, Kristinn Ásbjörnsson tók

meðfylgjandi mynd þegar það verk var í gangi.

Nú geta yngri flokkar í knattspyrnu jafnt sem eldri farið að stunda fótbolta á vellinum, leiktímabilið fer brátt að hefjast en eins og komið hefur fram í Jökli þá á mfl. Víkings fyrsta heimaleikinn þann 4. maí gegn Völsungi og Reynir mun leika fyrsta heimaleikinn á Víkingsvellinum þann 12. júní gegn Smára.

Landvarðanámskeið í Þjóðgarðinum

Árlegt landvarðanámskeið Umhverfisstofnunar var haldið í upphafi árs og er það kennt yfir fimm vikna tímabil. Námskeiðið veitir réttindi til að starfa sem landvörður í þjóðgörðum og fríðlýstum svæðum og að þessi sinni voru 70 nemendur sem kláruðu námskeiðið. Mikil aðsókn er á landvarðanámskeiðin og komast iðulega færri að en vilja. Um er að ræða fjarnám en staðlota námskeiðsins er haldin í Snæfellsjökulsþjóðgarði og er verkefni staðlotunnar að undirbúa fræðslugöngu með aðferð náttúrutúlkunar. Eva Dögg Einarsdóttir, yfirlandvörður Snæfellsjökulsþjóðgarðs, leiddi meðal annars nemendur í fræðslugöngu um Malarrif.

SJ



Víkingar féllu úr Mjólkurbikarnum

Lið Víkings mætti Keflavík miðvikudagskvöldið 10. apríl í fyrsta leik 2. umferðar í Mjólkurbikar karla. Hörkuleikur í Akraneshöllinni, rólegur fyrri hálfleikur með einu marki sem kom Keflavík yfir. Í upphafi síðari hálfleiks tvöfölduðu Keflvíkingar forystuna en Víkingarnir gáfu ekkert eftir og skoraði Luis Romero Jorge mark á 56. mínútu. Munurinn var þá kominn niður í eitt mark en Keflavík náði stöðunni fljótlega upp í 1-3. Heimamaðurinn Asmer Begic minnkaði muninn svo niður í 1 mark á 84. mínútu. Í æsispennandi leiknum höfðu Ólsarar örfáar mínútur til að jafna en það tókst því miður ekki og stóðu Keflvíkingar uppi sem sigurvegarar og þar með þátttöku Víkinga lokið í Mjólkurbikarnum þetta árið. Nú eru einungis tæpar tvær vikur í fyrsta heimaleik Víkings í Íslandsmóti KSÍ en þeir taka á móti Völsungi þann 4. maí.

SJ

Góðgerðardagar

- látum gott af okkur leiða -

Dagana 22.-24. apríl

vinna nemendur að fjölbreyttum verkefnum sem verða seld á opnu húsi, miðvikudaginn 24. apríl í GSnb Ólafsvík kl. 16:00-18:00.

Ágóðinn mun renna til góðs málefnis.

Allir bæjarbúar velkomnir!



Skíðasvæði Snæfellsness

Þó að íbúar á Snæfellsnesi séu ekki allir upprifnir yfir snjónum sem heiðrar okkur enn með nærveru sinni þá fagnar skíðafólk honum ennþá. Skíðasvæði Snæfellsness hefur verið mikið opið undanfarna daga í lygnum og sólríku veðri. Skíðasvæðið er staðsett í brekkunni ofan við Grunnskóla Grundarfjarðar og er þar 600 metra toglyfta með 60 diskum auk þess sem útbúin voru gönguskiðaspor meðfram lyftunni fyrir opnunina. Lyftan var sett upp af áhugafólki í Ungmennafélagi Grundarfjarðar á níunda áratugnum auk þess sem þau byggðu þar um 15 fm skíðakofa og keyptu snjótroðara. Nú hafa yngri kynslóðir tekið við keflinu og er búið að endurnýja og gera við tækin og gera upp skíðaskálann. Skíðasvæðinu er haldið gangandi eingöngu af sjálfbóðaliðum í bæjarfélaginu og öll vinna á svæðinu er unnin í sjálfbóðaliðastarfi eða fyrir styrkfé. Á skíðasvæðinu



er lítil aðstaða þar sem hægt er að taka sér nestispásu og fara á salernið og hefur verið sett þar upp kolagrill og eldstæði þar sem

hægt er að grilla sér pylsur og sykurpúða í brekkunni. Aðstæður til útivistar hafa verið ljómandi og fólk á öllum aldri af Snæfells-

nesinu öllu hefur notið veðurbliðunnar í Grundarfirði.

Mynd: Skíðasvæði Snæfellsness
SJ

Góðgerðardagar Grunnskóla Snæfellsbæjar

Góðgerðardagar Grunnskóla Snæfellsbæjar munu standa yfir dagana 22.-24. apríl. Þá munu nemendur skólans vinna að fjölbreyttum verkefnum sem verða seld á opnu húsi. Ágóðinn rennur allur til góðs málefnis. Opíð hús verður í húsnæði GSNB í Ólafsvík frá klukkan 16:00-18:00 miðvikudaginn 24. apríl en þar verður hægt að gera góð kaup og styrkja gott málefni í leiðinni. Nemendur eru nú þegar farnir að undirbúa opna húsið og hafa

til dæmis verið að safna notuðum barna- og unglingabókum í góðu ástandi sem þau munu selja. Einnig hafa nemendur auglýst eftir íþróttafatnaði og skóm sem eru ekki lengur í notkun sem þau ætla að selja á íþróttaloppumarkaði. Hugmyndin er að versla notaðar vörur í stað nýrra og ef íbúar vilja gefa bækur eða íþróttaföt til verkefnisins þá tekur skólaritari á móti því í skólanum.

JJ

Góðan dag!

Til stendur að halda Góðgerðardaga í

Grunnskóla Snæfellsbæjar

dagana 22.-24. apríl n.k.

Ein hugmyndin er að selja notaðar barna- og ungmennabækur og gefa ágóðann til góðs málefnis.

Ef þið eigið nýlegar eða klassískar barnabækur sem þið viljið gefa til verkefnisins væri það vel þegið.

Bækurnar þurfa að vera heillegar.

Hægt er að koma bókunum á bókasafn GSNB á skólatíma.

Kveðja frá hressum krökkum í GSNB



Við bjóðum upp á alhliða bílaviðgerðir, dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímappantanir í síma 436-1111

ÍÞRÓTTA FATNAÐUR / SKÓR

Dagana 22. – 24. apríl verða góðgerðardagar í Grunnskóla Snæfellsbæjar. Hugmyndin er að vera með íþróttaloppumarkað þar sem markmiðið er að versla notaða vörur í stað nýrra. Ef þið eigið íþróttaföt sem gæti nýst í verkefnið þá tökum við á móti því í skólanum (hjá Kiddý ritara).

Allur ágóðinn mun renna til góðgerðarmála.

Með von um góð viðbrögð 😊
Nemendur í GSNB

Listaverk eftir Erró á Sáíð

Snæfellsbær verður 30 ára í ár og í tilefni tímamótanna hefur markaðs- og kynningarfulltrúi Snæfellsbæjar, Heimir Berg, verið í samstarfi við samstarfsmenn Erró um að setja upp listaverk eftir hann í nágrenni Pakkhússins í Ólafsvík. Málið hefur verið til skoðunar frá ársbyrjun en það er margt sem þarf að hafa í huga við val á listaverki og staðsetningu. Menningarnefnd Snæfellsbæjar skoðaði verk eftir Erró og bar þau upp fyrir bæjarstjórn Snæfellsbæjar sem kaus úr hugmyndunum. Bæjarstjórn ákvað staðsetningu með samþykki frá Bygginga- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar og ákveðið var að setja verkið á vegg sem settur verður upp á Sáínu, við lækinn. Áætlað er að setja verkið upp í vor sem hluti af afmælshátíð Snæfellsbæjar. Erró, sem heitir réttu nafni Guðmundur Guðmundsson, er fæddur í Ólafsvík árið 1932 og er tvímælalaust einn



af þekktustu samtímalistamönnum Íslendinga.

SJ

Öryggi á sjó og heilsusamlegt umhverfi

Á hverju ári veiti Samgöngustofa styrki til ýmissa rannsóknarverkefna sem tengjast öryggi skipa, atvinnusjómanna, farþega og búnaðar um borð í skipum auk verkefna sem snúa að heilsusamlegu umhverfi sjófarenda. Einstaklingar og félagar sem koma með tillögur að lausnum tengdum öryggi eða heilsusamlegu umhverfi geta hlotið styrk en heildarupphæðin úr styrksjóðnum er 2.500.000 krónur og er öllum frjálst að sækja um. Markmið úthlutunar er eins og áður segir að veita styrki til verkefna sem stuðla að auknu öryggi sjófarenda auk þess að styrkja alþjóðasamvinnu

um slík verkefni og veita styrki til hönnunar eða smíði frumgerðartækja og búnaðar sem líkleg eru til að auka öryggi sjófarenda og öryggi í skipum. Þá er markmiðið líka að veita styrki til sérstakra verkefna til að efla fræðslu um öryggi sjófarenda. Umsækjendur skulu skila umsóknum til Samgöngustofu, í umsókninni skal koma fram nákvæm skýring á eðli og tilgangi verkefnis, kostnaðaráætlun og fjármögnun þess en umsóknarfresturinn er til 15. maí 2024. Að umsóknarfresti liðnum eru umsóknir lagðar fyrir Siglingaráð sem tekur umsóknirnar til umfjöllunar og afgreiðslu.




SJ

Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrir.

Upplýsingar um auglýsingaverð á www.steinprent.is

 Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617

AUGLÝSING

Breyting á Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039



Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti þann 11. apríl 2024 óverulega breytingu á skipulagsákvæðum reits ÍB-3 í Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039, á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með breytingunni verður heimilt að reisa átta íbúða, tveggja hæða fjölþýli að Fellabrekku 7-13, í stað 3ja íbúða húss, parhúss eða einþýlis að Fellabrekku 7-9, en hvað varðar lóðir nr. 11-13 þá eru engin sérákvæði í aðalskipulagi fyrir þær.

Greinargerð með rökstuðningi dags. 11. apríl 2024 hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Ef óskað er nánari upplýsinga má leita til skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar gegnum netfangið skipulag@grundarfjordur.is

Athygli er vakin á því að í afgreiðslu bæjarstjórnar felst staðfesting á bókun skipulags- og umhverfisnefndar á fundi 21. mars 2024, um að þegar aðalskipulagsbreytingin hefur verið staðfest verði byggingarleyfissókn fyrir Fellabrekku 7-13 grendarkynnt á grundvelli 44. gr. skipulagslaga.

Bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar



Grundarfjarðarbær

STARFSKRAFTUR ÓSKAST

Verkalýðsfélag Snæfellinga óskar eftir að ráða starfskraft. Starfshlutfall er umsemjanlegt en að lágmarki 50%. Aðal starf viðkomandi yrði vinnustaðaeftirlit, fyrirtækjaheimsóknir og útreikningar launa. Aðal starfsstöð félagsins er að Ólafsbraut 19 Ólafsvík.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf. Leitað er að jákvæðum og þjónustulundduðum aðila. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Vinnustaðaeftirlit.
- Túlkun kjarasamninga og samskipti við félagsfólk og atvinnurekendur.
- Útreikningar launa og ýmis verkefni tengd kjaramálum.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þjónustulund, jákvætt viðmót og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð tungumálakunnátta í íslensku og ensku/pólsku í ræðu og riti.
- Bílpróf.
- Þekking á vinnumarkaði, kjaramálum og reynsla af vinnumarkaðsmálum, þjónustu og samskiptum er kostur.

Félagssvæði Verkalýðsfélags Snæfellinga er Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær og Stykkishólmsbær.

Kjarasamningar félagsins ná til alls verkafólks sem starfar á almennum markaði, hjá sveitarfélögum, hjá ríkinu, til verslunar- og skrifstofufólks og til sjómanna.

Umsækjendur sendi ferilsskrá og kynningarbréf á verks@verks.is.

Hvetjum öll áhugasöm til að sækja um. Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2024.

Frekari upplýsingar veitir Vignir S. Maríasson, formaður í síma 5889191 og netfang verks@verks.is